

Forvarnarteymi grunnskólanna – fyrsti fundur

17.febrúar 2022 kl. 12.30

Mætt voru:

Ólína skólastjóri, Jónína aðstoðarskólastjóri, Ragnhildur deildarstjóri stoðþjónustu, Elínborg námsráðgjafi, Anna Kristín sérkennari, Róbert yfirmaður Frístundar og félagsmiðstöðvar, Ragnar Matthías íþróttá- og æskulýðsfulltrúi, Súsanna skólahjúkrunarfræðingur, Harpa hjúkrunarnemi, Kristín Arna kennsluráðgjafi Skóla- og velferðarþjónustu, Hildur Þóra fulltrúi Barnaverndar.

Ólína lagði til að breyttan fundartíma þ.e. til kl. 14.00. Allir samþykktu það.

Ólína sagði frá því að búið væri að setja í lög að stofna verði forvarnarteymi í grunnskólum. Þau fjalla m.a. um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Kristín Arna byrjaði fundinn með kynningu á skipan og hlutverki teymisins.

Skipan teymis er:

Ábyrgðarmaður: Skólastjóri

Tengiliðir: Skólaþjónusta og forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúar: kennara, frístundar/félagsmiðstöðvar og heilsugæslu

Megin hlutverk teymisins er:

Að lögð verði áhersla á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, í íþróttá- og æskulýðsstarfi og öðru tólmundastarfi.

Skal tryggja kennslu til allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.

Skal vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um málefnið og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.

Að standa fyrir umræðu innan skólans um þessi málefni og sjá til þess að starfsfólk fái frekari fræðslu. Fulltrúar teymisins eiga ekki að koma að fræðslunni.

Að sjá til þess að a.m.k. 90% starfsfólks sitji netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu fyrir árið 2025. Teymið geri áætlun um í hvaða skrefum eigi að ná þessu markmiði þegar námskeiðin liggja fyrir.

Skal tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega að horfa eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Teymið skal sjá til þess að fyrir hendi sé áætlun um viðbrögð þegar börn greina frá kynferðislegri áreitni eða ofbeldi eða grunur vaknar um slíkt og styðja við framkvæmd slíkrar áætlunar.

Fundir forvarnarteymis eru ekki vettvangur til að ræða einstök mál, s.s. barnaverndarmál. Það á heima á nemendaverndarráðsfundum.

Fyrstu skrefin er að setja á reglulega fundi á 5-8 vikna fresti eða t.d. í kjölfar fundar Nemendaverndarráðs. Fara yfir gátlista fyrir forvarnarteymi grunnskólanna frá Sambandi ísl. Sveitarfélaga.

Skoðaður var gátlisti frá Samband íslenskra sveitafélaga. Umræður um hvernig við skipuleggjum næstu fundi. Mikilvægt að fara í fá markmið af gátlistanum til að fjalla um hverju sinni.

Ragnar ræddi um að þessi áætlun væri gerð fyrir grunnskólann en það væri hægt að útvíkka þetta verklag fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf innan sveitarfélagsins.

Ákveðið á næsta fundi að taka fyrir tvo atriði af gátlistanum og vinna að því að þau verði uppfyllt.

Atriðin eru:

A) Verklagsreglur og viðbragðsáætlanir skólans og allra starfsmanna hans innihalda upplýsingar um viðbrögð við ofbeldi og áreitni af hverju tagi, hvort sem starfsfólk eða nemendur eiga í hlut.

B) Skólinn er með skýra viðbragðsáætlun og verklagsreglur um hvernig tilkynnt er til barnaverndar og /eða lögreglu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.20

Ragnhildur Þorsteinsdóttir